

Borgarbyggð
Drífa Gústafsdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 6. október 2022
UST202209-143/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Húsafell 1 og Bæjargil - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Húsafell 1 og Bæjargil í Borgarbyggð.

Deiliskipulag þetta nær yfir rúmlega 5 ha. svæði úr jörðinni Húsafell sem skiptist á milli Húsafells 1 og Bæjargils. Á svæðinu er fyrir byggingar eins og Gamli bærinn, Pálsskáli, vinnustofa, pakkhús og Legsteinasafn. Tillagan gerir ráð fyrir sjö frístundalóðum, þar sem heimilt er að byggja allt að 170 m² hús og 30 m² gestahús.

Náttúruminjaskrá

Líkt og fram kemur í greinargerð er Húsafell á C-hluta náttúruminjaskrár og flokkast sem aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Svæðið er á náttúruminjaskrá vegna tilkomumikils, fjölbreytts landslags, víðlends skógar, lauga og linda. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að allar byggingar falli eins vel að landi eins og kostur er og hugað sé að því hvort sé tilefni til setja skilmála um liti á byggingum. Umhverfisstofnun leggur einnig áherslu á settir séu skilmálar að gróðursettar verði einungis innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir, en birki en nú þegar farið að sá sér á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur